

# Samskipti menningarheima

Verkið Hálsfesti Helenu verður tekið til sýninga í Þjóðleikhúsinu á ný í haust, en verkið var frumsýnt á Smíðaverkstæðinu í vor. Leikritið er eftir eitt þekktasta nútímaleikskáld Kanada, Carole Fréchette, en hún skrifaði verkið eftir að hafa dvalið um tíma í Líbanon árið 2000.

Leikstjóri sýningarinnar er María Sigurðardóttir en leikarar í sýningunni eru Edda Arnljótsdóttir, Arnar Jónsson og Guðrún Snæfríður Gísladóttir.

Aðalpersóna leikritsins er Helena, kona frá norðlægu landi, sem er á heimleið af ráðstefnu í borg í Austurlöndum nær, þar sem uppbygging er hafin eftir langvarandi stríðshörmingar. Hún ákveður að lengja dvöl sína í landinu í von um að finna hálsfesti sem hún hefur tapað.



**HÁLSFESTI HELENU** Guðrún Snæfríður Gísladóttir í hlutverki sínu.

Leit Helenu um götur borgarinnar leiðir hana á vit fólks sem hefur ekki síður en hún glatað einhverju sem er því dýrmætt. Hún öðlast nýjan skilning á samskiptum ólíkra menningarheima og verður ljóst að „við getum ekki lifað svona lengur“. Hér er á ferðinni einstaklega áleitnið og óvenjulegt verk um mannlega samkennd og löngunina til að endurheimta hið

glataða. Þetta er einnig mikilvægt verk á tímum stríðshörminga í Austurlöndum nær.

Líkt og í vor býður Þjóðleikhúsið áhorfendum upp á stutt erindi og umræður eftir nokkrar sýningar á Hálsfesti Helenu. Fyrirlesarar koma úr ýmsum áttum, en eiga það sameiginlegt að hafa sérstaka þekkingu á málefnum Austurlanda nær.

Sýningarnar hefjast að nýju í kvöld en aðeins eru fimm sýningar fyrirhugaðar. Á sunnudaginn mun Viðar Þorsteinsson heimspekingur flytja erindi að lokinni sýningu en aðrir frummælendur verða Gréta Gunnarsdóttir, lögfræðingur og nýskipaður sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.



**SÝNINGAR Í AUSTURBÆ**

**BLINDA KINDIN** eftir Elísabetu Jökulsdóttur  
Næstu sýningar: 29/9 - 6/10 - 13/10 og 20/10

**SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA**  
eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson  
Næstu sýningar: 29/9 - 6/10 - 13/10 og 20/10

**SPRENGJUHÖLLIN**  
Útgáfutónleikar 12/10

Miðasala í síma 551 4700  
og á [midi.is](http://midi.is)





**EGGERT PÉTURSSON** Málþing um verk hans fer fram á morgun.

## Málþing um Eggert

Listasafn Reykjavíkur gengst fyrir málþingi og listamannspjalli um malarann Eggert Pétursson laugardaginn 29. september kl. 13 í fundarsal Kjarvalsstaða. Þátttakendur eru auk listamannsins, Ólöf K. Sigurðardóttir, sýningarstjóri og deildarstjóri fræðsludeildar safnsins, og myndlistarmaðurinn Ingólfur Arnarson, en bæði rita í hina veglegu bók um listamanninn sem kom út í tilefni af sýningunni.

Sýningu Eggerts Péturssonar hefur verið afar vel tekið af öllum aldurshópum og aðsókn á hana verið jöfn og þétt. Frá því sýningin var opnuð, 8. september, hafa daglegir gestir að jafnaði verið 450 eða alls um 8.500 gestir á tæplega þremur vikum. Sýningin spannar feril Eggerts frá upphafi til dagsins í dag og eru þar rúmlega fimmtíu verk til sýnis.



**ÞJÓÐMINJASAFNIÐ** Býður upp á leiðsögn um sýninguna.

## Sýningarlok

Þjóðminjasafnið kveður sýninguna Leiðina á milli nú um helgina. Á sýningunni eiga verk listamanna Guðrún Kristjánsdóttir, Guðbjörg Lind og Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá. Við sýningarlok sunnudaginn 30. september klukkan 15 fá gestir leiðsögn um Leiðina á milli hjá Gísla Sigurðssyni íslenskfræðingi.

Gísli mun fjalla um sýninguna í tengslum við varðveislu- og miðunarhlutverk safna á borð við Þjóðminjasafnið. Slíkum söfnum ber að varðveita hinn svokallaða menningararf, tiltekna minjar fortíðar sem tengjast þjóðum eða öðrum hópum. Þessum minjum er meðal annars miðlað til samtímans gegnum fastasýningar safnanna en þar er þó yfirleitt aðeins brot af öllum safnkostinum. Þannig eru til dæmis einungis um 2.000 munir til sýnis á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins en í eigu safnsins eru tugir þúsunda gripa.

## Ein vinsælasta sýning Lundúnaborgar 2006



Fimm stjörnur

The Guardian, Michael Billington

„85 mínútna meistaraverk.“

Daily Mail

Tilnefnd til Evening Standard verðlaunanna árið 2006.

Leikgerð og leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson og David Farr

Tónlist: Nick Cave og Warren Ellis

Leikarar: Elva Ósk Ólafsdóttir, Gísli Örn Garðarsson, Ingvar E. Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir og Ólafur Egill Egilsson

**Takmarkaður sýningafjöldi!**

Miðasala í síma 551 1200 og á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

Vesturport